

Samkeppnisstofnun  
Rauðarárstíg 10  
105 Reykjavík

Efni: *Misnotkun á markaðsráðandi stöðu - Samtvinnun Internetþjónustu og símaþjónustu.*

### **Kvartað er vegna:**

Í auglýsingum sem birtar hafa verið hafa undanfarna daga frá Og Vodafone (OGF – Og Fjarskiptum hf.) Símanum (LS – Landssíma Íslands hf.) eru m.a.kynnt eftirfarandi tilboð:

Frá OGF:

#### **Og1 þjónustan (hluti tilboðs)**

**Internet** - Meiri hraði, frjálst niðurhal og verðpak. Notendur eiga þess kost að fá 6Mb/s ADSL og ótakmarkað niðurhal á 4.990 kr. á mánuði eða 4Mb/s ADSL og 1GB niðurhal fyrir 3.990 kr. á mánuði.

ADSL hraði miðast við þjónustusvæði Og Vodafone.

**Skilmálar vegna þjónustunnar:** Til þess að eiga kost á skráningu í Og1 þurfa heimili að hafa alla sína þjónustu hjá Og Vodafone; GSM, Heimasíma og Internet. Skráning færir notendum á móti rausnarlegan ávinning.

**Sjá vefsíðuna:**

<http://www.ogvodafone.is/index.aspx?groupid=400&tabid=361&NewsItemID=1465&ModuleId=686>

Til nánari skýringar:

Ekki er ljóst hvernig kostnaður vegna netþjónustu skiptist milli ADSL-línu og netþjónustunnar.

Frá LS:

#### **Enn meira innifalið í þjónustu Símans (hluti tilboðs)**

Internetþjónusta Símans býður viðskiptavinum þrjá nýja áskriftarmöguleika og fer það eftir eðli notkunar hvers og eins hvaða áskriftarleið hentar best. Fyrir þá sem nota netið lítið hentar fyrsta áskriftarleiðin en það er ADSL 1000 með 1 GB inniföldu niðrhali á 3.990 kr. Leið tvö sem er ADSL 2000 verður á 4.990 kr. En í þeirri áskriftarleið eru 3GB innifalið niðurhal ásamt öryggispakka Símans, einum leik, verðpaki og 3 netföngum. Í leið 3 er um að ræða ADSL 6000 með ótakmörkuðu niðrhali, öryggispakka og fimm netföngum á 5.790 kr. Á mánuði en sú áskriftarleið hentar þeim viðskiptavinum sem nota netið mikið. [...] Nú geta allir viðskiptavinir í internetþjónustu hjá Símanum fengið einn tölvuleik á mánuði af síminn.is og er hann innifalinn í tilboðunum.

**Skilmálar vegna þjónustunnar:** Til þess að eiga möguleika á Internet tilboðinu er nauðsynlegt að vera með farsíma hjá Símanum.

Til nánari skýringar:

Skv. athugunum virðist verð fyrir þjónustuna hjá Landssímanum fengið svona. Skv. því innheimtir LS sama verð vegna Internetþjónustu fyrir 1GB og 3 GB niðurhal. Þá virðist verð fyrir Internetþjónustuna bundið því að keyptur sé tiltekinn hraði af ADSL-línu (samtvinnuð ADSL-þjónusta og ADSL-lína). Einnig fylgir ýmis kaupauki, þ.m.t. aðgangur að tölvuleikjum sem ekki eru metnir til verðs.

Hraði (ADSL-lína)	Niðurhal (netþjónusta)				
1- 1 Mbps	+ 1 GB	= 2500	+ 1490	= 3990	
2- 2 Mbps	+ 3 GB	= 3500	+ 1490	= 4990	
3- 6 Mbps	+ ótakmarkað	= 3500*	+ 2290	= 5790	

-----  
\* með 1000 kr. afslætti vegna GSM - Netþjónustufyrirtækjum hefur verið bent á það af LS á sama tíma og tilboðið var kynnt, að símnotendur geti sótt um 1000 kr. afslátt af 6 Mbps ADSL-línu séu þeir með farsíma frá LS.

**Sjá vefsíðuna:**

[http://www.simi.is/control/wb-view-news?id\\_news=14462&cid\\_type=82&pid=6148](http://www.simi.is/control/wb-view-news?id_news=14462&cid_type=82&pid=6148)

### **Með vísan til meintra lögbrota:**

Stjórn Inter telur að tilboðin sem kvartað er hér með undan feli í sér skaðlega undirverðlagningu og samtvinnun og þar sem fyrirtækin sem þau bjóða hafa bæði verið skilgreind í markaðsráðandi stöðu á Internetmarkaði þurfi þau sérstaklega að gæta að því að raska ekki samkeppni með aðgerðum sínum. Í skilningi 17. gr samkeppnislaga birtist þetta í aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni á markaði fyrir ADSL-netþjónustu. Er þess óskað að Samkeppnisstofnun geri sérstaka athugun hvað þetta varðar hjá fyrirtækjunum sem bjóða umkvörtuð tilboð.

Vísað er í fyrsta lagi til ákvörðunar samkeppnisráðs nr 41/1997, III og IV.-liðs ákvörðunarorða þar sem segir:

*III. Í ljósi markaðslegrar og fjárhagslegrar stöðu Pósts og síma hf. er fyrirtækinu óheimilt að tvinnna saman í viðskiptum fjarskiptaþjónustu og aðra þjónustu fyrirtækisins. Gildir þetta einnig eftir að einkaréttur Pósts og síma hf. í fjarskiptaþjónustu fellur niður, svo fremi fyrirtækið hafi virk markaðsyfirlráð á þeim mörkuðum sem um er að ræða. Samtvinnun viðskipta með fjarskiptaþjónustu og aðra þjónustu hjá Pósti og síma hf. verður því aðeins heimil að samkeppnisráð hafi fellt úr gildi framangreint bann við slíkri samtvinnun.*

*IV. Pósti og síma hf. er, auk þess sem að framan greinir, óheimilt í krafti markaðslegrar og fjárhagslegrar stöðu fyrirtækisins að hafast nokkuð það að sem skaðað getur samkeppnina á markaðnum fyrir fjarskiptaþjónustu og tengdum mörkuðum.*

Augljóst virðist af tilboðinu að bæði OGF og LS gera þá kröfu að keypt sé farsímaþjónusta til að hægt sé að kaupa ADSL-þjónustu á þessum kjörum. Slíkt er að mati stjórnar Inter samtvinnun (*e. bundling*) á milli skýrt skilgreindra markaða. Með sérstakri vísan til þess að OGF virðast beita sömu aðferðum og LS er þess óskað að OGF verði jafnframt bannað að stunda samtvinnun við boð á vöru eða þjónustu þvert yfir skilgreinda markaði.

### **Krafa um bráðabirgðaákvörðun:**

Með vísan til þess að tilboðið felur í sér verulega lægra verð en almennt er og algengast á samkeppnismarkaði fyrir Internetþjónustu og að talið er að um undirverðlagningu sé að ræða sem geti haft verulega skaðleg áhrif á stuttum tíma, telur stjórn INTER nauðsynlegt að Samkeppnisstofnun taki bráðabirgðaákvörðun í máli þessu sbr. 8. gr. Samkeppnislaga og banni fyrirtækjunum að stunda undirverðlagningu og samtvinnun á Internetmarkaði annarsvegar og síma-, farsíma- og grunnsambandamarkaði hinsvegar.

Þar sem Samkeppnisstofnun hefur áður vakið athygli á að skilyrði til töku ákvörðunar til bráðabirgða sé að „Sennilegt þarf að vera að háttsemi fari gegn samkeppnislögum eða hafi skaðleg áhrif á samkeppni og að líklegt sé að bið eftir niðurstöðu samkeppnisráðs leiði til röskunar á samkeppni sem ekki verði afstýrt með endanlegri niðurstöðu ráðsins.“ bendir stjórn Inter á að tilboðið er þess eðlis að sé ekki tafarlaust brugðist við af hendi Samkeppnisstofnunar mun verða óafturkallanleg tilfærsla á viðskiptum frá sjálfstæðum netþjónustum til þessarra tveggja símafélaga. Slík tilfærsla stofnar rekstrar- og tilverugrundvelli sjálfstæðra netþjónusta í verulega hættu og hættan stendur nú þegar yfir. Í því ljósi er þess krafist að málið verði nú þegar tekið til bráðabirgðameðferðar og -ákvörðunar.

### **Niðurlag kvörtunar:**

Að lokum vill stjórn Inter benda á að komist samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að OGF eða LS hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína á ADSL-markaði að samkeppnisráð hefur þá í hendi sér það OGF og LS verði svipt þeim ávinningi sem þau áunnu vegna tilboðsins, þ.e. þeirri viðskiptavild sem aðilarnir hafa þá áunnið sér ólöglega. Það getur samkeppnisráð með því að gefa þau fyrirmæli að allir þeir viðskiptavinir sem séu í viðskiptum á grundvelli þess að þeir hafi tekið hinu ólöglega tilboði skuli leystir frá viðskiptunum og einnig að OGF og LS sé óheimilt að eiga við þá viðskipti um ADSL-netþjónustu í a.m.k. eitt ár. Einnig verði beitt stjórnarsýslusektum eftir því sem samkeppnisráð telur við eiga.

Án þess að það sé tíundað nánar má telja að Samkeppnisstofnun hafi kynnt sér markað fyrir Internetþjónustu nokkuð nákvæmlega undanfarin misseri og sé kunnugt um samsetningu einstakra verðþátta þjónustunnar, t.d. vegna úrskurðar í máli nr. 13/2004. Skv. því má telja að auðséð sé að um verulegar verðbreytingar til lækkunar fyrir þjónustuna er að ræða, verðbreytingar sem engar sjáanlegar ytri aðstæður hvað varðar tilkostnað gefa tilefni til. Engar kostnaðarlækkanir hafa átt sér stað, nær er að tala um hækkunir á tilkostnaði undanfarið, t.d. vegna launabreytinga. Engar verðbreytingar hvað varðar aðgang að útlandasamböndum hafa átt sér stað heldur.

Stjórn Inter óskar eftir tafarlausum viðbrögðum Samkeppnisstofnunar um hvenær ákvörðunar um bráðabirgðameðferð sé að vænta.

f.h. INTER, Samtaka aðila er veita Internetþjónustu

Guðmundur Kr. Unnsteinsson, formaður.